



Fundargerð 100. fundar svæðisskipulagsnefndar

100. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 14. maí 2021 kl. 13:30 á fjarfundi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011:

Reykjavík:

Pawel Bartoszek
Marta Guðjónsdóttir

Kópavogsbær:

Helga Hauksdóttir
Bergljót Kristinsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ólafur Ingi Tómasson
Daði Lárusson

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson
Harpa Þorsteinsdóttir

Mosfellsbær:

Ásgeir Sveinsson
Sveinn Óskar Sigurðsson

Seltjarnarnesbær:

Ragnhildur Jónsdóttir
Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

Varaformaður, Helga Hauksdóttir, setti fund og stýrði.

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Samþykki fundargerðar

Lögð fram til samþykktar 99. fundargerð svæðisskipulagsnefndar dags. 5. mars 2021

Niðurstaða fundar:

Samþykkt samhljóða.

2. Kosning stjórnar svæðisskipulagsnefndar

Fyrir liggur ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur dags. 4. maí 2021 um breytingar í skipan fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd.

Varaformaður lagði fram tillögu að stjórn svæðisskipulagsnefndar 2021-2022 verði þannig skipuð:

Formaður: Helga Hauksdóttir, varaformaður: Pawel Bartoszek og ritari: Sigurður Guðmundsson

Niðurstaða fundar:

Samþykkt samhljóða.



3. Erindi frá aðalfundi SSH 2020 vegna starfsreglna svæðisskipulagsnefndar – 2102006

Á 99. fundi svæðisskipulagsnefndar hinn 5. mars 2021 var lagt fram bréf frá Páli Björgvini Guðmundssyni dags. 16. febrúar 2021 ásamt minnisblaði dags. 11. febrúar 2021 varðandi erindi frá aðalfundi SSH vegna starfsreglna svæðisskipulagsnefndar. Í bréfi Páls kemur fram að minnisblaðið hafi verið lagt fyrir 520. fund stjórnar SSH dags. 15. febrúar 2021 og eftirfarandi niðurstaða bókuð:

Stjórn leggur til við svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins að hún hefji rýni á núgildandi starfsreglum sínum með það að markmiði að endurskoða þær m.a. m.t.t. aukinnar skilvirkni og skýrleika og þess verklags sem nefndin telur best henta starfsemi.

Í fundargerð var eftirfarandi niðurstaða skráð:

Svæðisskipulagsnefnd ákveður að hefja rýni á núgildandi starfsreglum sínum á grundvelli umrædds minnisblaðs lögfræðings SSH. Jafnframt er óskað eftir aðstoð skrifstofu SSH við þá vinnu og mótun á fyrstu drögum. Bodað verður til vinnufundar svæðisskipulagsnefndar vegna þessa.

Fyrir fund liggur fyrir tillaga að nýjum starfsreglum sem SSH vann fyrir svæðisskipulagsnefnd. Haldnir voru tveir vinnufundir með nefndarmönnum í tengslum við vinnuna. Formaður leggur fyrir tillögum að nýjum starfsreglum fram til samþykktar.

Niðurstaða fundar:

Afgreiðslu frestað.

4. Náttúruvá og skipulagsmál - 2103004

Framhald umræðu frá fyrri fundi. Á 99. fundi svæðisskipulagsnefndar hinn 5. mars 2021 var eftirfarandi niðurstaða bókuð í fundargerð:

Fulltrúar í svæðisskipulagsnefnd óska eftir að svæðisskipulagsstjóri skrifi minnisblað um svæðisskipulag og náttúruvá og kynni á næsta fundi nefndarinnar.

Lagt fram og kynnt minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 10. maí 2021

Niðurstaða fundar:

Svæðisskipulagsnefnd felur svæðisskipulagsstjóra að óska eftir kynningu frá almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins.

5. Borgarlínan breyting á aðalskipulagi Kóp og Rvk. forkynning á vinnslutillögu að aðalskipulagsbreytingu – 2006006 / 2006007

Lagt fram bréf skipulagsdeildar Kópavogs dags. 18. febrúar 2021 og bréf deildarstjóra aðalskipulags Reykjavíkur dags. 19. febrúar 2021 þar sem vakin er athygli að Kópavogur og Reykjavíkur hafi samþykkt að kynna drög að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélaganna þar sem fjallað er um tillögu að legu Borgarlínunnar og tillögur að staðsetningu kjarnastöðva og hugmyndir að leiðbeinandi staðsetningum almennra stöðva, viðmiðum um hönnun göturýmis og forgang almenningssamgangna og virkra ferðamáta. Einnig lagt fram bréf skipulagsdeildar Kópavogs dags. 15. apríl 2021 þar sem vakin er athygli að umsagnarfrestur hefur verið framlengdur.

Áður, á 99. fundi svæðisskipulagsnefndar hinn 5. mars 2021, kynntu Hrafnkell Á. Proppé og Hallbjörn Hallbjörnsson frá Vegagerðinni frumdragaskýrslu, sem er fylgiskjal með vinnslutillögu.



Niðurstaða fundar:

Pawel Bartoszek, Helga Hauksdóttir, Bergljót Kristinsdóttir, Ólafur Ingi Tómasson, Daði Lárusson, Sigurður Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Ásgeir Sveinsson, Ragnhildur Jónsdóttir, Stefán Bergmann gera ekki athugasemdir við tillögur.

Sveinn Óskar Sigurðsson situr hjá og bókar:

Fulltrúi Miðflokksins í Mosfellsbæ vill benda á ótal athugasemdir frá íbúum bæði Reykjavíkur og Kópavogs varðandi áform um þéttingu byggðar og áform um legu borgarlínu á höfuðborgarsvæðinu. Borgarlína er sögð „hágæða almenningsamgöngukerfi“ en ekki er séð að svo verði enda um að ræða e.k. hugmyndafræði sem liggur ekki nægjanlega vel fyrir. Ekki er enn búið að vinna rekstraráætlun af hálfu SSH eða Strætó sbr. fundi um það efni á þeim vettvangi. Því er ekki séð að áform og áætlanir geti farið saman í bæði bráð og lengd.

Marta Guðjónsdóttir kys gegn tillögunni og bókar:

Ekki er tímabært að taka vinnslutillögu í forkynningu fyrir þar sem um ómótað verkefni er að ræða sem er byggt á frumdrögum og er enn í kynningu og athugasemdir hafa ekki verið lagðar fram.

6. Nýtt aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 – 2007002

Lagt fram bréf skipulagsdeildar Kópavogs dags. 19. mars 2021 þar sem vakin er athygli á auglýsingu og kynningu tillögu að nýju aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Gögn með erindi eru greinargerð, upprættir og fylgigögn.

Niðurstaða fundar:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögu Kópavogsbæjar að nýju aðalskipulagi.

Sveinn Óskar Sigurðsson og Marta Guðjónsdóttir bóka:

Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og bæjarfulltrúi Miðflokksins í Mosfellsbæ vilja benda á ótal athugasemdir frá íbúum Kópavogs varðandi áform um þéttingu byggðar og legu borgarlínu í landi Kópavogs. Mikilvægt að almenningur nýtir sér lengdan frest til að skila inn frekari athugasemdum.

7. Garðaholt og Garðahverfi - Breyting á Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 - 2011006

Lagt fram bréf skipulagsfulltrúa Garðabæjar dags. 25. mars 2021 þar sem vakin er athygli á forkynningu á breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna Garðaholts og Garðahverfis. Breytingin felur í sér minniháttar breytingar á upprætti og lagfæringar.

Svæðisskipulagsnefnd hafði áður ekki gert athugasemd til tillögu á vinnslustigi á 98. fundi nefndarinnar dags. 15. janúar 2021.

Niðurstaða fundar:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir tillögu.

8. RVK Hólmsheiði - athafnasvæði - 1906003

Lagður fram tölvupóstur skrifstofu skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 6. apríl 2021 og skipulags- og matslýsing umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, dags. 26. febrúar 2021, þar sem gert er ráð fyrir að unnið verði deiliskipulag að athafnasvæði sem markast af Fjárborg til vesturs og Suðurlandsvegi til suðurs og fjarsvæðis vatnsverndar til austurs.



Deiliskipulagið varðar svæðisskipulag vegna nálægðar við öryggissvæði vatnsverndar sbr. afmörkun í svæðisskipulagi, kort 10 undir markmið 4.4. og skv. samþykkt um vatnsvernd nr. 555/2015.

Í umfjöllun skipulags- og matslýsingar um helstu viðgangsefni vegna fyrirbyggjandi skipulagsvinnu segir að tekið verði tillit til ákvæða um vatnsvernd sem eru í nálægð við svæðið (fjarsvæði skv. skilgreiningu vatnsverndar) til að koma í veg fyrir möguleg óæskileg áhrif af völdum starfsemi og umsvifa á svæðinu.

Niðurstaða fundar:

Svæðisskipulagsnefnd bendir á að fyrirhugað svæði liggur við skilgreint öryggissvæði vatnsverndar, sjá nánar afmörkun í svæðisskipulagi, kort 10 og samþykkt um vatnsvernd nr. 555/2015. Nefndin hvetur til að við áframhaldandi skipulagsvinnu verði haft samráð við samráðshóp um vatnsvernd og vatnsnýtingu sem starfar á vettvangi SSH, þar sem sitja fulltrúar sveitarfélaga og veitufyrirtækja.

Ólafur Ingi Tómasson yfirgaf fund kl. 14:52.

9. Áform um friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes - 2104004

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dags. 19. apríl 2021 þar sem vakin er athygli á kynningu á áformum um friðlýsingu Álftanes sem friðland. Einnig lagt fram kort dags. 19. apríl 2021 sem sýnir fyrirhugað svæði.

Niðurstaða fundar:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögu.

Sveinn Óskar Sigurðsson situr hjá og bókar:

Fulltrúi Miðflokksins vill benda á að með friðun Skerjafjarðar, skv. samstarfi Garðabæjar og Umhverfisstofnunar, virðist sem verið sé að loka alfarið á Skerjafjarðarleið frá Sudurgötu í Reykjavík yfir á Álftanes. Undanfarinn var breyting Garðabæjar á stækkun golfvallar á Álftanesi sem einnig tók út svæði sem hefði greitt götu Skerjafjarðarbrautar. Svipað upplegg virðist hafa verið þegar þrengt var að Ofanbæjarvegi á höfuðborgarsvæðinu af hálfu Garðabæjar. Þetta er miður og því situr fulltrúi Miðflokksins hjá.

10. Landsskipulagsstefna 2015-2026, viðauki – 2011012

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 9. mars 2021 þar sem vakin er athygli að tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu hafi verið afhent umhverfis- og auðlindaráðherra.

11. MOS Vatnsvernd í Mosfellsdal - 1806002

Lagt fram bréf framkvæmdastjóra umhverfissviðs Mosfellsbæjar dags. 7. maí 2021 þar sem óskað er eftir framlengingu á gildistöku vatnsverndar í Mosfellsdal til ársins 2024. Áður hafði Mosfellsbær óskað eftir frestun til ársins 2020, með bréfi sem barst svæðisskipulagsnefnd 2018. Í kjölfar viðræðna Mosfellsbæjar við landeigendur við Mosfellsdal liggur fyrir heimild til að fara í frekari rannsóknarboranir áður en hægt er að taka endanlega ákvörðun um áframhaldandi vatnstöku í Mosfellsdal. Áætluð er að sú vinna standi til 2023. Einnig lagt fram Minnisblað Vatnaskila dags. 6. maí 2021 um vatnafarsrannsóknir og næstu skref.

Niðurstaða fundar:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við framlengingu á frestun á gildistöku vatnsverndar í Mosfellsdal til ársins 2024.